

Fundargerð 98. fundar.

98. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn 30. janúar 2013. Til fundarins var boðið forsvarsmönnum vatnsveitna á svæðinu. Fundarstaður var í húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík og hófst hann kl. 14.

Á fundinum voru framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlits:

Guðmundur H. Einarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og formaður framkvæmdastjórnar um vatnsvernd,
Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,
Þorsteinn Narfason, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis,
Kristín Lóa Ólafsdóttir, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,
Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis,
Kristjana Kjartansdóttir, gæðastjóri hjá Orkuveitu Reykjavíkur,
Sigurbjörn Búi Sigurðsson, tæknistjóri vatns hjá Orkuveitu Reykjavíkur,
Inga Dóra Hjörleifsdóttir, framkvæmdastjóri veitna hjá Orkuveitu Reykjavíkur,
Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitu Reykjavíkur,
Magnús Bjargarson, vatnsveitustjóri Vatnsveitu Kópavogs,
Dagur Jónsson, vatnsveitustjóri Vatnsveita Hafnarfjarðar.

Guðmundur H. Einarsson setti og stýrði fundi. Bauð hann fundarmenn velkomna og ræddi lauslega aðdraganda fundar. Samkvæmt 6. grein samþykktarinnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu (nr. 363 frá 1997) skal viðhaft reglubundið samráð milli framkvæmdastjórnar og forsvarsmanna vatnsveitna.

Þrjú mál voru á dagskrá:

1. Öryggi neysluvatns og neysluvatnsöflunar. Guðmundur H. Einarsson
Í sinni umfjöllun tók hann sérstaklega fyrir mikilvægi grunnvatnsflæðis frá Bláfjallasvæðinu, sem nefnt hefur verið Kaldárstraumur. Vatnstaka Orkuveitu Reykjavíkur í Vatnsendakrika (um 220-240 l/sek.) og Vatnsveitu Kópavogs úr sama brunnasvæði (200 l/sek.) og einnig vatnstaka Vatnsveitu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum (160 l/sek.) er öll úr þessum grunnvatnsstraumi. Núverandi umferð og starfsemi á svæðinu og áform um aukna starfsemi veldur ákveðinni óvissu og óöryggi.

Í gangi er endurskoðun á svæðisskipulagi vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið. Varaði Guðmundur við að ákvarðanir um frekari uppbyggingu á verndarsvæðum yrðu teknar, fyrir en fyrir lögju rannsóknir er sýndu fram á að slíkt ylli ekki skaða eða skapaði óvissu. Þá minnti hann á að fyrir lögju skjalfestar niðurstöður úttekta sem m.a. hefðu sýnt fram á óviðunandi ástand vega með tilliti til umferðaröryggis og mengunarhættu. Ekki lægi ljóst fyrir hverjum bæri að bregðast við þeim upplýsingum og hvort það yrði gert.

2. Endurskoðun svæðisskipulags vatnsverndar. Árný Sigurðardóttir
Árný gerði grein fyrir tilvist stýrihóps á vegum Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hópurinn vinnur að heildarendurskoðun á svæðisskipulagi vatnsverndar. Sveitarfélögin skipa hvert sinn fulltrúa í stýrihópinn.

Drög að verklýsingu um hvernig standa eigi að heildarendurskoðuninni eru í vinnslu. Drög eða I stig samkvæmt verklýsingu hefur farið til heilbrigðisnefnda og bæjarstjórna til

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

umsagnar. Fram kom að umsagnir yrðu nýttar til að sníða vankanta af áætluninni og síðan færi hún aftur út til umsagnar og þá m.a. til vatnsveitnanna. Í verklýsingunni væri ekki gert ráð fyrir miklum nýjum rannsóknum. Stýrihópurinn hefur ráðið verkfræðistofuna Vatnaskil til ráðgjafar. Vatnaskil hefur þróað grunnvatnslíkan fyrir höfuðborgarsvæðið

Heilbrigðisnefndir á höfuðborgarsvæðinu hafa ítrekað á undan förunum árum kallað eftir frekari rannsóknum. Stýrihópnum væri kunnugt um þær skoðanir en þetta væri sú áætlun sem ákveðið var að færi til umsagnar.

Stýrihópurinn hefur rætt um nauðsyn þess að samþykktin verði einnig endurskoðuð og að þá yrði kveðið skýrar á um vægi verndunar og breytileika milli verndarflokka.

3. Þríhnúkar, álit Skipulagsstofnunar, Hólmfríður Sigurðardóttir.

Hólmfríður fór efnislega yfir úrskurð Skipulagsstofnunar frá desember s.l. um; „aðgengi að Þríhnúkagíg, Kópavogi. Aðkomuveg, aðstöðu til skoðunar og þjónustubyggingu”. Í álitinu er víða fjallað um mikilvægi vatnsverndar en samkvæmt álitinu eiga að liggja fyrir niðurstöður heildarendurskoðunar á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið áður en framkvæmdaleyfi verða veitt. Heildarendurskoðunin þurfi m.a. að felast í greiningu á allri starfsemi á vatnsverndarsvæðinu og mati á hvað sé ásættanlegt að fari þar fram með tilliti til grunnvatns og vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins. Við þá vinnu þurfi að bæta enn frekar við upplýsingar um grunnástand svæðisins, t.d. rannsaka rennslisstefnu og hraða strauma á svæði sem liggur norðvestan Þríhnúka. Þar vanti borholur til að gera raunmælingar. Í álitinu segir einnig að framkvæmdaraðili, þ.e. sá er áformar að opna Þríhnúkahelli til skoðunar hafi uppfyllt sínar rannsóknaskyldur en frekari rannsóknir verði eðli máls að vera liður í þekkingaröflun sveitarfélaga um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Ennfremur segir að niðurstöður heildarskoðunarinnar á vatnsverndinni eigi að nýta við gerð skipulagsáætlana á svæðinu sem séu grunnur leyfisveitinga til framkvæmda innan vatnsverndarsvæðisins.

Fram kom að starfsmenn Orkuveitunnar teldu að hluti þekkingaröflunar sem óhjákvæmileg væri í tengslum við endurskoðun svæðisskipulagsins væri m.a. fólgin í að tengja lofthjúpslíkan við úrkomudreifingu og afla þyrfti frekari upplýsinga um berglög og grunnvatnshæðir á svæðinu s.s. uppi í Bláfjöllum, á Suðursvæði austur af Kaldárbotnum, vestan Vatnsendakrika og við Myllulækjasvæðið. Í einhverjum tilvikum yrði þeirra gagna ekki aflað með öðrum hætti en með borunum á rannsóknarholum.

Framtíðarsýn vatnsveitna væri að ákvarðanir um landnotkun á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins væru byggðar á haldgóðum upplýsingum í góðu samstarfi við hagsmunaaðila.

Í umræðu í þessum dagsskrárlið kom m.a. fram hjá Degi Jónssyni að Vatnsveita Hafnarfjarðar hefði aflað gagna með rannsóknum frá Kristjánssdalhorni til Kleifarvatns og hefði þeim upplýsingum verið komið til Vatnaskila.

Umræður urðu í lok hvers dagskrárliðar og verða þær ekki raktar í fundargerð.

Hólmfríður Sigurðardóttir dró saman efni erinda og umræðna í fundarlok.

Fundi slitið kl. 15:50.